



# STEFNIR

## Árshlutareikningur 1. janúar - 30. júní 2024

Stefnir hf.  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík

Kt. 700996-2479

# Efnisyfirlit

---

Bls.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	4
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .....	6
Rekstrarreikningur .....	7
Efnahagsreikningur .....	8
Sjóðstreymsyfirlit .....	9
Skýringar .....	10
 <b>Árshlutareikningur Verðbréfasjóða .....</b>	 16
Samandreginn árshlutareikningur verðbréfasjóða .....	17
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur hs. ....	18
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur hs. ....	24
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður óverðtryggður hs. ....	30
Stefnir - Ríkisskuldabréf verðtryggð hs. ....	35
Stefnir - Grænaval hs. ....	41
Stefnir - Kjarabréf hs. ....	47
Stefnir - Scandinavian Fund - ESG hs. ....	53
Stefnir - Sustainable Arctic Fund hs. ....	59
Skýringar með árshlutareikningi verðbréfasjóða .....	65

# Efnisyfirlit, frh.

---

Árshlutareikningur sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta .....	69
Samandreginn árshlutareikningur sérhæfðra sjóða .....	70
Stefnir - Innlend hlutabréf hs. ....	71
Stefnir - Innlend hlutabréf Vogun hs. ....	77
Stefnir - Arðgreiðslusjóður hs. ....	83
Eignaval A hs. ....	89
Eignaval B hs. ....	96
Eignaval C hs. ....	104
Eignaval - Hlutabréf hs. ....	112
Stefnir - Samval hs. ....	119
Stefnir - Lausafjársjóður hs. ....	126
Stefnir - Skuldabréfaval hs. ....	132
Stefnir - Sparifjársjóður hs. ....	140
Stefnir - Vaxtajóður hs. ....	147
Stefnir - Sjálfbær skuldabréf .....	154
Eignaval Erlent hs. ....	160
Skýringar með árshlutareikningi sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta .....	166

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálastofnun skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Félagið starfar á grundvelli starfsleyfa frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Auk þess tekur starfsleyfi rekstrarfélagsins til eignastýringar, fjárfestingaráðgjafar og vörslu og umsýslu hlutdeildarskírteina eða hluta sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Tilgangur Stefnis hf. er að annast rekstur verðbréfa- og sérhæfðra sjóða. Stefnir er rótgróið íslenskt sjóðastýringarfyrirtæki stofnað árið 1996 með um 316 milljarða króna í virkri stýringu. Stefnir er dótturfélag Arion banka hf. og er A-hluti árshlutareiknings hluti af samstæðureikningi bankans og dótturfélaga hans.

Árshlutareikningi félagsins er skipt í two hluta, A-hluta sem inniheldur árshlutareikning Stefnis hf. og B-hluta sem inniheldur árshlutareikning verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenning. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

## Starfsemi á fyrrí árshluta 2024

Hagnaður varð af rekstri félagsins á tímabilinu að fjárhæð 542,5 milljónir króna samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í lok tímabilsins nam rúnum 2,4 milljörðum króna samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 52% en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Hlutafé félagsins nam í upphafi og lok ársins 43,5 milljónum króna og var það allt í eigu Arion banka hf. og tengds félags.

## Helstu atburðir í rekstri félagsins á fyrrí árshluta 2024

Aðalfundur Stefnis fór fram 11. mars 2024 og þar var tekin ákvörðun um 1.000 milljón króna arðgreiðslu til hluthafa. Stjórn félagsins, sem kjörin var á fundinum er skipuð Sigrún Rögnu Ólafsdóttur, stjórnarformanni, Guðmundi Jóhanni Jónssyni, meðstjórnanda og Hrefnu Ösp Sigfinnsdóttur, meðstjórnanda. Framkvæmdastjóri Stefnis er Jón Finnbogason. Stjórn Stefnis starfrækir tvær nefndir, endurskoðunar- og áhættunefnd og starfskjaranefnd.

Nýr sérhæfður sjóður í rekstri Stefnis, SRE III slhf. keypti allt hlutafé Heimstaden ehf. á fyrrí hluta ársins. Heimstaden á um 1.600 íbúðir og er markmið hins nýja sjóðs að eiga og reka sjálfbært leigufélag sem hefur burði til að styðja við nauðsynlega íbúðauppbryggingu og styrkja leigumarkaðinn á næstu árum. Fjárfesting þeirra fimmtán aðila sem fjárfestu í sjóðnum nemur um 40 milljörðum króna.

Þá hefur annar nýr sérhæfður sjóður í rekstri Stefnis, SEL I hs. gefið út höfuðstólstryggt skuldabréf að upphæð 30 milljónir USD. Fjárfestar eru fagfjárfestar og verður skuldabréf sjóðsins skráð á First North markaðinn á næstu mánuðum. Samkeppniseftirlitið samþykkti samruna Festi hf. og Lyfju hf. með skilyrðum og í kjölfar þess var afhending Lyfju undirbúin og greiðsla kaupverðs átti sér stað í byrjun júlímaðar.

## Þróun eigna í stýringu

Þróun eigna í virkri stýringu er jákvæð frá áramótum og nemur aukningin tæplega 69 milljörðum króna og eru eignir í stýringu nú rúmlega 316 milljarðar króna. Innflæði má helst rekja til nýrra afurða en sömuleiðis hafa sérhæfðir sjóðir sem fjárfesta í sérhæfðum skuldabréfum aukið við eignir í stýringu um fjórðung frá áramótum. Dreifing eignaflokka í eignum í stýringu er áfram góð, sem og tekjusamsetning félagsins.

Ávöxtun sjóða í stýringu Stefnis á fyrsta árshelmingi 2024 var misjöfn eftir eignaflokkum. Jákvæða ávöxtun má að mestu rekja til jákvæðrar þróunar á erlendum mörkuðum en Stefnir stýrir eignum stærsta erlenda hlutabréfasjóð landsins. Innlendir markaður hefur heilt yfir verið krefjandi um lengra skeið þrátt fyrir að ýmsum óvissupáttum hafi verið rutt úr vegi síðastliðna mánuði. Sést það vel á ávöxtun innlendra sjóða og blandaðra sjóða með hátt hlutfall innlendra hlutabréfa. Skuldabréfasjóðir með hátt hlutfall verðtryggðra eigna hafa skilað hæstri ávöxtun í sínum flokki á fyrri helmingi ársins en lækkun verðbólguálags síðustu two mánuði árshelmingins höfðu þar nokkuð að segja.

Eigendum í sjóðnum Stefnir – Kjarabréf var tilkynnt í lok maí um fyrirhugaðan samruna við Stefni – Ríkisverðbréfasjóð millilangan. Samruninn átti sér svo stað þann 5. júlí síðastliðinn. Með samrunanum lýkur sögu sjóðs sem stofnaður var 1985 en nokkrir sjóðir Stefnis eiga rætur að rekja til stofnunar sjóða fyrir hartnær fjórum áratugum síðan.

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Stefnir rekur fimm sjóði sem hafa það nú að markmiði sínu að efla umhverfis- og félagslega þætti með fjárfestingum sínum samkvæmt reglugerð ESB nr. 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR). Öllum hlutdeildarskírteinishöfum þessara sjóða var tilkynnt um þessa áherslubreytingu í upphafi árs og vonast Stefnir til að fleiri aðilar á markaði fylgi fordæmi Stefnis er varðar frekari samþættingu UFS málefna við stýringu sjóða.

## Áhættustýring og eftirlit

Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstoðum ábyrgs reksturs sjóðastýringarfyrirtækis. Stjórn Stefnis hefur kortlagt áhættur í rekstrarumhverfi Stefnis. Greining og mæling á þeim áhættum sem félagið getur staðið frammi fyrir hefur verið gerð með skipulögðum hætti og er stjórn kynnt álit áhættustýringar og innra eftirlits með reglulegri skýrslugjöf. Aðgerðir til stýringar og mildunar mögulegra áhættupáttá eru mikilvægar rekstraröryggi félagsins. Stjórn Stefnis hefur sett félagini áhættustýringarstefnu og tekur hún til áhættu eigna og eignasafna verðbréfa- og sérhæfðra sjóða fyrir almenning. Áhættuvilji félagsins hefur verið skilgreindur og fylgist stjórn Stefnis með lykilmælikvörðum í rekstri félagsins með reglubundnum hætti. Áhætta félagsins tengd sjálfbærni hefur verið metin og mat á sjálfbærnipáttum er hluti af áhættustýringu félagsins og sjóða.

## Framtíðarhorfur, áhættubættir í rekstri og atburðir eftir reikningsskil

Stjórn Stefnis fylgist með þróun efnahagsmála og áhrifum þeirra á sjóði og viðskiptalíkan Stefnis. Stefnir hefur sýnt fram á aðlögunarhæfni til að mæta breytingum í viðskiptaumhverfi og nýtur auk þess góðs af stærðarhagkvæmni í rekstri. Framtíðarhorfur eru metnar góðar en rétt er að hafa í huga að ýmsir óvissuhæfðir tengdir sveiflum á mörkuðum eru ávallt til staðar til skemmri og lengri tíma.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Árshlutareikningur þessi er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálaþjónustu, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glöggja mynd af rekstrarafkomu félagsins á fyri hluta árs 2024, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess miðað við 30. júní 2024 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu. Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt árshlutareikning félagsins fyrir fyrrí hluta árs 2024 og staðfesta hann með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, 20. ágúst 2024.

## Í stjórn félagsins:

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, stjórnarformaður  
Guðmundur Jóhann Jónsson, stórnarmaður  
Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, stjórnarmaður

## Framkvæmdastjóri:

Jón Finnbogason

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa í Stefni hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Stefnis hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024. Árshlutareikningurinn inniheldur A-hluta Stefnis hf, sem er rekstrarfélagið sjálft. A-hlutinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar fyrir Stefni hf. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar fyrir verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði rekstrarfélagsins.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálfyrirtæki og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2024 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálfyrirtæki og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Reykjavík, 20. ágúst 2024.

**Deloitte ehf.**

Gunnar Þorvarðarson  
endurskoðandi

Árshlutareikningur Stefnis hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2024

	Skýr.	1.1. - 30.06. 2024	1.1. - 30.06. 2023
<b>Rekstrartekjur</b>			
Umsýslu- og árangurstengdar þóknanir .....	5	1.324.019	1.530.566
Fjármunatekjur .....	11	52.377	96.808
	Heildartekjur	1.376.396	1.627.374
Fjármagnsgjöld .....	11	( 2.845)	( 20.674)
	Hreinar rekstrartekjur	1.373.551	1.606.700
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	12	356.893	415.759
Þjónustugjöld til Arion banka hf. .....		252.837	211.918
Annar rekstrarkostnaður .....		87.238	100.986
	Rekstrargjöld	696.968	728.663
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....		676.583	878.037
Tekjuskattur .....	14	( 134.072)	( 171.395)
<b>Hagnaður</b> .....	18	542.511	706.642

# Efnahagsreikningur 30. júní 2024

	Skýr.	30.06.2024	31.12.2023
<b>Eignir</b>			
Verðbréf með föstum tekjum .....		26.924	0
Verðbréf með breytilegum tekjum .....		1.466.710	1.078.982
Verðbréf samtals 6, 16		<u>1.493.634</u>	<u>1.078.982</u>
Viðskiptakröfur .....	8	2.004.142	1.843.726
Kröfur á tengda aðila .....		<u>160.219</u>	<u>173.405</u>
Kröfur samtals		<u>2.164.361</u>	<u>2.017.131</u>
Handbært fé og ígildi handbærs fjár .....	9	81.674	875.483
Aðrar eignir .....		<u>6.124</u>	<u>10.090</u>
Aðrar eignir samtals		<u>87.798</u>	<u>885.573</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><b>3.745.793</b></u>	<u><b>3.981.686</b></u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....		43.500	43.500
Lögbundinn varasjóður .....		10.875	10.875
Aðrir varasjóðir .....		176.918	173.165
Óráðstafað eigið fé .....		2.187.369	2.646.274
Eigið fé samtals 18		<u>2.418.662</u>	<u>2.873.814</u>
<b>Skuldir</b>			
Tekjuskattsskuldbinding .....		20.318	19.883
Viðskiptaskuldir .....		41.300	20.970
Skuldir við tengd félög .....		549.944	63.847
Skattskuld .....	19	250.529	289.020
Aðrar skammtímaskuldir .....		465.040	714.152
Skuldir samtals		<u>1.327.131</u>	<u>1.107.872</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><b>3.745.793</b></u>	<u><b>3.981.686</b></u>

# Sjóðstreymsyfirlit 1. janúar til 30. júní 2024

	Skýr.	1.1. - 30.06. 2024	1.1. - 30.06. 2023
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður .....	18	542.511	706.642
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárvældi:			
Verðbreytingar verðbréfaeignar .....		( 21.319)	( 47.994)
Gjaldfærður tekjuskattur .....		134.072	171.395
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum .....		655.264	830.043
Greiddur tekjuskattur .....	19	( 383.611)	( 522.996)
		( 172.128)	( 246.301)
		Handbært fé frá rekstri	99.525
			60.746
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum, breyting .....		( 367.642)	183.642
Verðbréf með föstum tekjum, breyting .....		( 25.692)	169
		Fjárfestingahreyfingar	( 393.334)
			183.811
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Greiddur arður .....	18	( 500.000)	( 1.250.000)
		Fjármögnunarhreyfingar	( 500.000)
			( 1.250.000)
Breyting á handbæru fé .....		( 793.809)	( 1.005.443)
Handbært fé í ársbyrjun .....		875.483	1.113.453
Handbært fé í lok tímabils .....	9	81.674	108.010
<b>Fjármögnunariðir sem hreyfa ekki handbært fé</b>			
Úthlutaður arður .....		( 500.000)	0
Ógreiddur arður .....		500.000	0

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Almennar upplýsingar

Stefnir hf. er hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki. Aðsetur Stefnis er að Borgartúni 19, Reykjavík og kennitala félagsins er 700996-2479.

Stefnir hf. er dótturfélag í eigu Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

### 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins. Mögulegir áhættuþættir eru greindir með skipulögðum hætti og markvisst er unnið að því að treysta alla umgjörð rekstrarfélagsins.

Starfsemi sjóða B-hluta hefur í för með sér margvíslega áhættu, svo sem áhrif breytinga á gengi fjármálagerninga, erlendra gjaldmiðla, greiðsluhæfi skuldara og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun sjóðanna beinist að aðgerðum til þess að stýra þessum áhættuþáttum. Sjóðstjórar sjóðanna leitast við að stýra áhættuþáttum meðal annars með virkri stýringu fjármálagerninga þar sem það á við. Nánari upplýsingar um fjárhagslega áhættuþætti má finna í útboðslysingum á vefsíðu félagsins.

### 3. Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur Stefnis hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálfyrirtæki, lög um verðbréfasjóði, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Árshlutareikningurinn Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

Árshlutareikningur félagsins, A-hluti, er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Hægt er að nálgast samstæðureikninginn á vefnum, [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is).

### 4. Matsaðferðir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þessara liða sé gert samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunverulegt verðmæti beirra liða sem þannig eru metnir reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 5. Umsýlu- og árangurstengdar þóknanir

Félagið fær eignastýringarpóknun fyrir rekstur verðbréfasjóða, sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og annarra sérhæfðra sjóða Stefnis hf. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign, heildareignum eða áskriftarloforðum hvers sjóðs og innifelur eftortalinn kostnað við rekstur sjóðanna; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýlu. Þá sér rekstrarfagið um eignastýringu erlendra sjóða sem eru í vörslu erlendra aðila og fær greidda þóknun fyrir. Auk þess fær félagið árangurstengdar þóknanir.

### 6. Verðbréf

#### a. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf í eigu rekstrarfélagsins eru veltuverðbréf. Hlutdeildarskírteini eru metin á markaðsverði og eignarhlutir í fjárfestingarfélögum eru metnir á innra virði í lok tímabilsins. Skráð hlutdeildarskírteini eru eignfærð á markaðsverði í lok tímabilsins.

#### b. Verðbréf með föstum tekjum

Skuldabréf sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði hvers tíma. Með virkum og verðmyndandi markaði er vísað í að dagslokagengi skuldabréfs sé ekki byggt á gömlu viðskiptaverði, viðskiptum með óverulegan hlut af heildarútgáfu skuldabréfaflokks eða endurspegli ekki raunvirði skuldabréfs að mati sérfræðinga. Séu horfur á vanefndum útgefanda skuldabréfs er virði þess metið út frá væntum endurheimtum þar sem meðal annars er horft til forgangskrafna.

Skuldabréf útgefanda sem metinn er rekstrarhæfur en er ekki með virka verðmyndun á skipulögðum verðbréfamarkaði er metið á grundvelli ávöxtunarkröfu. Við mat á hæfilegri ávöxtunarkröfu hvers skuldabréfs er horft til almennrar áhættu og aðstæðna á markaði í lok tímabilsins.

# Skýringar, frh.

## b. Verðbréf með föstum tekjum, frh.

Við mat skuldabréfs útgefanda sem ekki er metinn rekstrarhæfur er horfið frá aðferðarfræðinni sem lýst er að ofan og skuldabréfið metið út frá væntum endurheimtum (e. expected recovery value) og það vaxtafryst. Við mat á væntum endurheimtum er horfi til reynslu af endurheimtum frá sambærilegum félögum, ársreikninga félags og yfirlýsinga frá félaginu sjálfu. Sé útgefandi kominn í greiðslustöðvun, hafi ekki staðið í skilum eða lýst yfir að ekki verði greitt af skuldabréfi eru væntar endurheimtur metnar 0-1% og skuldabréfið fært í innheimtuferli. Ef nýjar upplýsingar berast frá útgefanda skuldabréfs, sem hefur áður verið niðurfært að fullu, er skuldabréfið endurmetið sem gæti leitt til uppfærslu á verðmati. Þegar mikil óvissa ríkir um mat á skuldabréfum geta endanlegar endurheimtur verið verulega frábrugðnar mati í lok tímabilsins.

## 7. Erlend viðskipti

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru umreiknuð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags, skv. gengisveitu Reuters. Erlendar eignir og skuldir eru færðar á gengi í lok tímabilsins.

Eignir í erlendi mynt umfram skuldir nema 569 milljónum króna í lok tímabilsins og greinast þannig:

	EUR	USD	GBP	Aðrar myntir
Eignir .....	576.984	1.962	42	0
Skuldir .....	0	( 9.669)	0	0
Nettó staða 30.06.2024 .....	576.984	( 7.707)	42	0
Nettó staða 31.12.2023 .....	643.858	164	78	0
Gengi ISK 30.06.2024 .....	148,71	138,73	175,43	
Gengi ISK 31.12.2023 .....	150,13	135,82	172,97	

## 8. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði að frádreginni virðisrýrun.

## 9. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

## 10. Tekjuskattseign/-skuldbinding

Útreikningur frestaðrar tekjuskattseignar/-skuldbindingar byggist á mismuni efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna niðurfærslu á kröfum og myntgengismunum sem dreift er á þrjú ár í samræmi við skattalög.

	1.1. - 30.06. 2024	1.1. - 30.06. 2023
<b>11. Hreinar fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld)</b>		
Hreinar fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld) greinast þannig:		
Verðbreytingar verðbréfaeignar .....	24.803	59.284
Myntgengismunur .....	( 2.506)	( 20.642)
Vaxtatekjur .....	27.573	37.524
Vaxtagjöld .....	( 338)	( 32)
Hreinar fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld) .....	49.532	76.134

# Skýringar, frh.

	1.1. - 30.06. 2024	1.1. - 30.06. 2023
<b>12. Laun og tengd gjöld og starfsmannamál</b>		
Laun og tengd gjöld greinast þannig:		
Laun .....	275.430	318.275
Kostnaður vegna kaupréttu starfsmanna .....	2.335	4.270
Launatengd gjöld .....	79.128	93.214
Laun og tengd gjöld samtals .....	<u>356.893</u>	<u>415.759</u>
Fjöldi starfsmanna í lok tímabilsins.....	23	23
Meðalfjöldi starfsmanna á tímabilinu.....	24	23

Á aðalfundi Arion banka hf. þann 16. mars 2022 var stjórn bankans veitt heimild til að gera breytingu á gildandi kaupréttaráætlun bankans og var hún útvíkuð á þann veg að hún tekur nú einnig til starfsmanna Stefnis. Kostnaður vegna kaupréttaráætlunarinnar nemur 2,3 milljónum króna fyrir fyrri helming ársins 2024. Samsvarandi kostnaður á fyrri helmingi ársins 2023 nam 4,3 milljónum kr. Vísast til árs- og/eða árshlutareiknings Arion banka hf. vegna frekari útskýringa á kaupréttaráætluninni.

## 13. Leigusamningur

Í gildi er samningur milli Stefnis hf. og Arion banka hf. um leigu á atvinnuhúsnæði. Samningurinn var undirritaður í desember 2012. Nánar tiltekið er hið leigða skrifstofurými á 3. hæð fasteignarinnar að Borgartúni 19. Leigutími er ótímasettur samkvæmt samningi og uppsagnartími er enginn.

Leigugjald vegna samningsins á fyrri helmingi ársins 2024 nam 14,2 milljónum króna og er það í samræmi við samning þar um. Leigan er gjaldfærð meðal annars rekstrarkostnaðar í rekstrarreikningi félagsins. Samsvarandi greiðsla á fyrri helmingi ársins 2023 nam 13,2 milljón króna.

	1.1. - 30.06. 2024	1.1. - 30.06. 2023
<b>14. Tekjuskattur</b>		
Tekjuskattur til greiðslu .....	134.972	171.423
Leiðréttung frá fyrra ári .....	( 1.335)	0
Breyting á tekjuskattskuldbindingu .....	435	( 28)
Tekjuskattur samtals .....	<u>134.072</u>	<u>171.395</u>

## 15. Verðbréf

**30.06.2024**      **31.12.2023**

Verðbréf með föstum tekjum skráð á skipulegan verðbréfamarkað:

Útgefin af opinberum aðilum .....	26.924	0
	<u>26.924</u>	<u>0</u>
Verðbréf með breytilegum tekjum eru óskráð og greinast þannig:		
Eignarhlutir í hlutaféögum .....	4.500	0
Eignarhlutir í sérhæfðum sjóðum .....	197.526	202.659
Hlutdeildarskírteini .....	1.264.684	876.323
	<u>1.466.710</u>	<u>1.078.982</u>
Verðbréf samtals .....	<u>1.493.634</u>	<u>1.078.982</u>

# Skýringar, frh.

## 16. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar Stefnis hf. eru móðurfélagið, Arion banki hf. ásamt dóttur- og hlutdeildarfélögum bankans, sjóðir í rekstri, stjórn og lykilstjórnendur Stefnis.

Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á árinu. Viðskipti við tengda aðila eru á grundvelli þjónustusamninga og eru verðlögð eins og um ótengda aðila væri að ræða.

Stefnir greiðir Arion banka fyrir vörlubjónustu auk þess sem Stefni hefur útvistað verkefnum til Arion banka. Helstu útvistuðu verkefni eru útvistun innri endurskoðunar, regluvarsla, upplýsingatækniþjónusta, bókhalds- og uppgjörspjónusta, tiltekin verkefni til viðskiptabankasviðs auk fleiri þáttu. Mikilvæg útvistun er tilkynnt Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands.

Viðskipti við tengda aðila 1.1. - 30.06.2024

	Tekjur	Gjöld	Kröfur/Eignir	Skuldir
Samstæða Arion banka .....	27.552	305.644	81.674	549.944
Sjóðir í rekstri Stefnis .....	912.938	0	160.219	0
	940.491	305.644	241.893	549.944

Viðskipti við tengda aðila 1.1. - 30.06.2023

	Tekjur	Gjöld	Kröfur/Eignir	Skuldir
Samstæða Arion banka .....	38.153	269.546	108.010	79.928
Sjóðir í rekstri Stefnis .....	1.042.316	0	172.667	0
	1.080.469	269.546	280.677	79.928

## 17. Eignir í stýringu

Eignir viðskiptamanna í sjóðum Stefnis hf. námu 316 milljörðum króna í lok tímabilsins samanborið við 247 milljarða króna í lok árs 2023.

## 18. Eigið fé

a. Hlutafé félagsins er 43,5 milljónir kr. í lok tímabilsins og er óbreytt frá árslokum 2023 þar sem hver hlutur nemur 1 krónu.

b. Yfirlit um breytingar á eigin fé:

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Aðrir varasjóðir	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2023 .....	43.500	10.875	201.202	2.766.617	3.022.194
Úthlutaður arður .....	0	0	0	( 1.250.000)	( 1.250.000)
Hagnaður .....	0	0	0	1.094.938	1.094.938
Gangvirðisreikningur .....	0	0	( 30.728)	30.728	0
Kaupréttir starfsmanna .....	0	0	2.691	3.991	6.682
Eigið fé 31.12.2023 .....	43.500	10.875	173.165	2.646.274	2.873.814
Eigið fé 1.1.2024 .....	43.500	10.875	173.165	2.646.274	2.873.814
Úthlutaður arður .....	0	0	0	( 1.000.000)	( 1.000.000)
Hagnaður .....	0	0	0	542.511	542.511
Gangvirðisreikningur .....	0	0	5.542	( 5.542)	0
Kaupréttir starfsmanna .....	0	0	( 1.789)	4.126	2.337
Eigið fé 30.06.2024 .....	43.500	10.875	176.918	2.187.369	2.418.662

Samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006 skal færa matsbreytingar á fjármálgerningum tilgreindum á gangvirði, að teknu tilliti til skattaáhrifa eftir því sem við á, við upphaflega skráningu af óráðstöfuðu eigin fé á gangvirðisreikning meðal eigin fjár. Óheimilt er að úthluta arði af slíkum gangvirðisreikningi. Leysa skal gangvirðisreikning upp til jafns við framkomnar breytingar á viðkomandi eign eða skuldbindingu þegar hún er seld eða innleyst eða forsendur fyrir matsbreytingu eru ekki fyrir hendi. Gangvirðisreikningur telst til annarra varasjóða í efnahagsreikningi.

# Skýringar, frh.

## 18. Eigið fé, frh.

- c. Arðsemi eigna er reiknuð sem hlutfall hagnaðar eftir skatta og meðalstöðu eigna á tímabilinu skv. efnahagsreikningi. Arðsemi eigna nam 28,1% fyrir fyrrí helming ársins 2024. Arðsemi eigna félagsins fyrir fyrrí helming ársins 2023 nam 27,2%.
- d. Eigið fé í lok tímabils er 2.419 milljónir kr. eða 64,6% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálfyrirtæki er 52% en lágmarks eiginfjárlutfall er 8% samkvæmt lögum.

Hlutfallið reiknast þannig:

	30.06.2024	31.12.2023
Heildar eigið fé .....	2.418.662	2.873.814
Eiginfjárgrunnur .....	<u>2.418.662</u>	<u>2.873.814</u>

Heildar eiginfjárkrafa greinist þannig:

Útlánaáhætta .....	302.517	270.610
Markaðsáhætta .....	46.162	51.528
Eiginfjárkrafa samtals .....	<u>348.679</u>	<u>322.138</u>
Eiginfjárkrafa miðað við fastan rekstrarkostnað .....	372.408	372.408
Eiginfjárlutfall í samræmi við ákvæði laga um eiginfjárlutfall .....	52,0%	61,7%

## 19. Tekjuskattsskuld

Tekjuskattsskuld breytist þannig:

Tekjuskattsskuld í ársbyrjun .....	( 308.903)	( 355.618)
Leiðréttung vegna fyrra árs .....	1.335	( 355)
Reiknaður tekjuskattur .....	( 135.407)	( 269.903)
Reiknaður fjársýsluskattur ársins .....	0	( 20.543)
Greiddur tekjuskattur .....	<u>172.128</u>	<u>337.516</u>
Tekjuskattsskuld í lok tímabilsins .....	<u>( 270.847)</u>	<u>( 308.903)</u>

Tekjuskattsskuld skiptist þannig:

Tekjuskattur til greiðslu .....	( 250.529)	( 268.477)
Fjársýsluskattur til greiðslu .....	0	( 20.543)
Frestuð tekjuskattsskuld .....	( 20.318)	( 19.883)
Tekjuskattsskuld í lok tímabilsins .....	<u>( 270.847)</u>	<u>( 308.903)</u>

Frestuð tekjuskattsskuld skiptist þannig á milli liða:

Frestun gengishagnaðar .....	1.321	111
Varúðarniðurfærsla .....	( 21.639)	( 19.994)
Frestuð tekjuskattsskuld í lok tímabilsins .....	<u>( 20.318)</u>	<u>( 19.883)</u>

Skattskuld skiptist þannig á milli liða:

Reiknaður tekjuskattur .....	250.529	268.477
Sérstakur fjársýsluskattur .....	0	20.543
Skattskuld í lok tímabilsins .....	<u>250.529</u>	<u>289.020</u>

b

# Skýringar, frh.

## 20. Eignarhald sundurliðast þannig:

Hluthafar Stefnis hf. sem eiga meira en 1% hlut greinast þannig:

	30.06.2024	31.12.2023
Arion banki hf. ....	99,93%	99,93%
Hluthafar Arion banka:		
Gildi lífeyrissjóður .....	9,75%	9,84%
LSR - Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins .....	9,36%	9,47%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna .....	9,07%	8,97%
Stoðir hf. ....	5,47%	5,48%
Brú lífeyrissjóður .....	5,20%	4,77%
Vanguard .....	3,84%	3,85%
Birta lífeyrissjóður .....	3,61%	3,61%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn .....	3,61%	3,56%
Arion banki hf. ....	2,95%	0,95%
Stapi lífeyrissjóður .....	2,80%	2,89%
Hvalur hf. ....	2,51%	2,52%
Festa lífeyrissjóður .....	2,50%	2,50%
Sjóðir í rekstri Stefnis .....	1,97%	2,29%
Íslandsbanki hf. ....	1,68%	2,13%
Lífsverk lífeyrissjóður .....	1,57%	1,57%
Almenni lífeyrissjóðurinn .....	1,51%	1,52%
Islandssjóðir .....	0,77%	1,05%
Landsbréf hf. ....	0,69%	1,05%
Sjóvá tryggingar .....	0,77%	1,03%
Landsbankinn hf. ....	0,78%	0,83%
Kvika banki hf. ....	0,11%	0,08%
Aðrir .....	29,48%	30,04%
	100,00%	100,00%



Verðbréfasjóðir

Árshlutareikningur 30. júní 2024

# Samandreginn árshlutareikningur verðbréfasjóða 30. júní 2024

Verðbréfasjóðir í rekstri voru 8 talsins í júnílok 2024. Enginn sjóður var stofnaður á tímabilinu.

Jákvæð afkoma var af rekstri verðbréfasjóða í íslenskum krónum á tímabilinu sem nam 1.199 millj. kr. samanborið við jákvæða afkomu að fjárhæð 1.081 millj. kr. á sama tímabili 2023. Hrein eign sjóðanna í íslenskum krónum í júnílok 2024 var 26.468 millj. kr. og hefur lækkat um 1.177 millj. kr. frá lokum fyrra árs eða um 4,3%.

## Rekstur og efnahagur verðbréfasjóða í ISK (í millj. króna)

	Afkoma		Eignir		Skuldir		Hrein eign		
	2024	2023	2024	2023	2024	2023	2024	2023	
	1.1. - 30.6.	1.1. - 30.6.	30.6.	31.12.	30.6.	31.12.	30.6.	31.12.	Breyting
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur hs. ....	345	326	7.371	8.034	200	10	7.171	8.024	( 10,6%)
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur hs. ....	484	344	11.435	11.363	428	26	11.006	11.338	( 2,9%)
Stefnir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggður hs. ....	22	9	804	821	3	1	801	820	( 2,2%)
Stefnir - Ríkisskuldbréf verðtryggð hs. ....	328	388	7.079	7.019	54	11	7.025	7.009	0,2%
Stefnir - Grænaval hs. ....	10	7	195	192	0	0	195	192	1,4%
Stefnir - Kjarabréf hs. (1) ....	9	8	270	265	1	2	270	263	2,6%
<b>Samtals</b> .....	<b>1.199</b>	<b>1.081</b>	<b>27.155</b>	<b>27.695</b>	<b>686</b>	<b>50</b>	<b>26.468</b>	<b>27.645</b>	<b>( 4,3%)</b>

1) Stefni - Kjarabréf hs. sameinaðist Stefni - Ríkisverðbréfasjóður millilangur hs. í júlí 2024.

Jákvæð afkoma var af rekstri verðbréfasjóða í EUR á tímabilinu sem nam 1.540 þús. EUR samanborið við jákvæða afkomu að fjárhæð 733 þús. EUR á sama tímabili 2023. Hrein eign í júnílok 2024 var 13.934 þús. EUR og hefur hækkað um 1.719 þús. EUR frá lokum fyrra árs eða um 14,1%.

## Rekstur og efnahagur verðbréfasjóða í EUR (í þús. EUR)

	Afkoma		Eignir		Skuldir		Hrein eign		
	2024	2023	2024	2023	2024	2023	2024	2023	
	1.1. - 30.6.	1.1. - 30.6.	30.6.	31.12.	30.6.	31.12.	30.6.	31.12.	Breyting
Stefnir - Scandinavian Fund - ESG hs. ....	1.516	706	13.136	11.445	29	37	13.107	11.409	14,9%
Stefnir - Sustainable Arctic Fund hs. ....	23	27	828	809	1	3	827	806	2,5%
<b>Samtals</b> .....	<b>1.540</b>	<b>733</b>	<b>13.964</b>	<b>12.255</b>	<b>30</b>	<b>40</b>	<b>13.934</b>	<b>12.215</b>	<b>14,1%</b>

## Gengi og ávoxtun verðbréfasjóða.

	Gengi			Nafnávoxtun			Raunávoxtun		
	2024	2023	2022	2024	2023	2022	2024	2023	2022
	30.6.	31.12.	31.12.	30.6.	31.12.	31.12.	30.6.	31.12.	31.12.
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur hs. ....	6,61	6,32	6,10	4,5%	3,6%	( 4,8%)	0,9%	( 4,1%)	( 12,9%)
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur hs. ....	35.742,14	34.238,01	32.968,50	4,4%	3,9%	( 2,3%)	0,8%	( 3,9%)	( 10,7%)
Stefnir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggður hs. ....	231,79	225,75	219,52	2,7%	2,8%	( 4,9%)	( 0,9%)	( 4,8%)	( 13,0%)
Stefnir - Ríkisskuldbréf verðtryggð hs. ....	229,66	219,24	209,17	4,8%	4,8%	( 2,7%)	1,2%	( 3,0%)	( 11,1%)
Stefnir - Grænaval hs. ....	106,43	101,01	95,36	5,4%	5,9%	( 10,7%)	1,8%	( 1,9%)	( 18,3%)
Stefnir - Kjarabréf hs. ....	23,86	23,04	22,24	3,5%	3,6%	( 4,7%)	( 0,0%)	( 4,1%)	( 12,9%)
Stefnir - Scandinavian Fund - ESG hs. ....	216,06	190,80	176,74	13,2%	8,0%	( 11,6%)	-	-	-
Stefnir - Sustainable Arctic Fund hs. ....	99,73	96,90	92,86	2,9%	4,4%	( 7,1%)	-	-	-



Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur hs.

Árshlutareikningur 30. júní 2024

Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur hs.

Borgartúni 19,

105 Reykjavík.

Kt. 490499-9039

# Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign á tímabilinu janúar - júní 2024

	1.1. -30.6. 2024	1.1. -30.6. 2023
	Skýr.	
<b>Tekjur</b>	3-8	
Vextir .....	117.479	176.123
Verðbætur .....	240.162	289.016
Vextir af innlánum lánastofnana .....	10.597	7.217
<b>Tekjur samtals</b>	<b>368.238</b>	<b>472.356</b>
<b>Gjöld</b>		
Umsýslupóknun rekstrarfélags .....	9	38.089
Aðrar þóknanir .....		10.781
Vextir og verðbætur .....		48
Viðskiptakostnaður .....		8
Önnur gjöld og kostnaður .....		3.076
<b>Gjöld samtals</b>	<b>52.002</b>	<b>52.004</b>
<b>Hreinar tekjur (gjöld)</b> .....	316.236	420.352
Innleystur hagnaður (tap) af fjárfestingum .....	6.861	( 360.951)
Óinnleystur hagnaður (tap) af fjárfestingum .....	21.740	266.839
<b>Afkoma færð á hlutdeildarskírteini</b> .....	<b>344.837</b>	<b>326.240</b>
<b>Fjármögnumnarhreyfingar:</b>		
Seld hlutdeildarskírteini .....	76.149	48.347
Innleyst hlutdeildarskírteini .....	( 1.273.719)	( 749.921)
<b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>	<b>( 1.197.570)</b>	<b>( 701.574)</b>
Hækkun (lækkun) .....	( 852.733)	( 375.334)
Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun .....	8.023.843	8.848.829
<b>Hlutdeildarskírteini í lok tímabilsins</b> .....	<b>7.171.110</b>	<b>8.473.495</b>

# Efnahagsreikningur 30. júní 2024

30.6.2024 31.12.2023

Skýr.

## Eignir

Fjárfestingar:

Verðbréf .....		7.010.234	7.988.408
Innlán hjá lánastofnunum .....		0	45.042
	Fjárfestingar samtals	10	7.010.234
			8.033.450
Aðrar eignir:			
Innlán hjá lánastofnunum .....	11	16.770	616
Aðrar eignir .....	12	344.330	30
	Aðrar eignir samtals		
		361.100	646
	Eignir samtals		
		7.371.334	8.034.096

## Skuldir

Skuld við rekstrarfélag .....		6.217	7.223
Skuld við vörslufélag .....		1	6
Aðrar skuldir .....	13	194.006	3.024
	Skuldir samtals		
		200.224	10.253

Hrein eign í lok tímabilsins .....		7.171.110	8.023.843
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina (í þús.) .....		1.085.211	1.269.003
Gengi hlutdeildarskírteina í lok tímabilsins .....		6,61	6,32

# Sundurliðanir

## 1. Hlutfallsleg skipting á eignasafni

	Eignir 30.6.2024	Hlutf. %	Eignir 31.12.2023	Hlutf. %	Útgefandi
<b>Framseljanleg verðbréf, skráð:</b>					
<i>Útgefið af eða í ábyrgð íslenska ríkisins:</i>					
Ríkisskuldasbréf 1% 15.01.2037 .....	1.707.733	23,2	1.673.491	20,8	Endurlán ríkissjóðs
Ríkisskuldabréf 3% 21.3.2033 .....	1.684.036	22,8	2.296.025	28,6	Seðlabanki Íslands
Ríkisskuldabréf 3,25% 1.7.2030 .....	1.681.714	22,8	1.792.693	22,3	Seðlabanki Íslands
Ríkisskuldabréf 4,5% 17.02.2042 .....	671.162	9,1	0	0,0	Endurlán ríkissjóðs
Ríkisskuldabréf 1,5% 16.02.2026 .....	407.580	5,5	1.017.460	12,7	Endurlán ríkissjóðs
Ríkisskuldabréf 6,5 % 15.10.2026 .....	253.108	3,4	0	0,0	Endurlán ríkissjóðs
Ríkisskuldabréf 7,0% 17.09.2035 .....	160.848	2,2	314.505	3,9	Endurlán ríkissjóðs
Ríkisskuldabréf 6,5% 24.01.2031 .....	149.252	2,0	155.927	1,9	Seðlabanki Íslands
Byggðastofnun 15/1 3,2% 15.04.2030 .....	111.472	1,5	116.238	1,4	Byggðastofnun
Byggðastofnun 1,971% 15.09.2033 .....	91.814	1,2	92.843	1,2	Byggðastofnun
Byggðastofnun 3,08% 6.12.2031 .....	38.585	0,5	39.593	0,5	Byggðastofnun
Husbr. 01/2 4,75% 15.3.2041 .....	18.315	0,2	17.779	0,2	ÍL-sjóður
Husbr. 96/3 4,75% 15.1.2036 - Flokkur A ....	13.495	0,2	12.736	0,2	ÍL-sjóður
Byggðastofnun 2,34% 15.09.2032 .....	13.024	0,2	13.261	0,2	Byggðastofnun
Husbr. 98/2 4,75% 15.12.2037 - Flokkur A ...	8.074	0,1	8.005	0,1	ÍL-sjóður
Husbr. 01/1 4,75% 15.3.2026 .....	22	0,0	27	0,0	ÍL-sjóður
Ríkisskuldabréf 5% 15.11.2028 .....	0	0,0	249.046	3,1	Seðlabanki Íslands
Íbúðabréf 04/2 3,75% 15.04.2034 .....	0	0,0	187.040	2,3	ÍL-sjóður
Íbúðabréf 04/1 3,75% 15.02.2024 .....	0	0,0	1.587	0,0	ÍL-sjóður
Íbúðabréf 04/3 3,75% 15.06.2044 .....	0	0,0	152	0,0	ÍL-sjóður
Framseljanleg verðbréf, skráð alls .....	7.010.234	95,1	7.988.408	99,4	
<b>Innlán hjá lánastofnunum:</b>					
Arion banki hf. ....	0	0,0	45.042	0,6	Arion banki hf.
Innlán hjá lánastofnunum alls .....	0	0,0	45.042	0,6	
Fjárfestingar alls .....	7.010.234	95,1	8.033.450	100,0	
Innlán hjá lánastofnunum .....	16.770	0,2	616	0,0	
Aðrar eignir .....	344.330	4,7	30	0,0	
Eignir alls .....	7.371.334	100,0	8.034.096	100,0	

## 2. Samanburður við fjárfestingarstefnu

	Fjárfestingar 30.6.2024	Hlutf. af fjárfest. %	Fjárfestingar 31.12.2023	Hlutf. af fjárfest. %	Fjárfestingarstefna % Lágmark	Hámark
<b>Skráð skuldabréf og víxlar útgefin af eða með ábyrgð íslenska ríkisins .....</b>						
Innlán fjármálfyrirtækja og peningamarkaðsskjöl .....	7.010.234	100,0	7.988.408	99,4	50	100
Aðrir fjármálagerningar en um er getið í liðum 1-2 sbr. hér að framan, þar með talið afleiður .....	0	0,0	45.042	0,6	0	20
Heildarverðmæti fjárfestinga .....	7.010.234	100,0	8.033.450	100,0	0	10

# Sundurliðanir, frh.

## 3. Uppsöfnuð heildarkaup og heildarsala verðbréfa

	Uppsöfnuð kaup 2024	Uppsöfnuð sala 2024
Íbúðabréf 04/2 3,75% 15.04.2034 .....	0	( 188.354)
Íbúðabréf 04/3 3,75% 15.06.2044 .....	0	( 153)
Ríkisskuldabréf 8% 12.06.2025 .....	399.206	( 399.670)
Ríkisskuldabréf 1,5% 16.02.2026 .....	2.456.702	( 3.101.485)
Ríkisskuldabréf 6,5 % 15.10.2026 .....	1.656.006	( 1.402.147)
Ríkisskuldabréf 8,0% 15.04.2027 .....	151.094	( 151.097)
Ríkisskuldabréf 5% 15.11.2028 .....	1.208.708	( 1.455.894)
Ríkisskuldabréf 3,25% 1.7.2030 .....	1.604.105	( 1.753.774)
Ríkisskuldabréf 6,5% 24.01.2031 .....	1.627.628	( 1.639.423)
Ríkisskuldabréf 3% 21.3.2033 .....	1.576.281	( 2.241.244)
Ríkisskuldabréf 7,0% 17.09.2035 .....	2.172.226	( 2.333.590)
Ríkisskudasbréf 1% 15.01.2037 .....	2.283.337	( 2.331.147)
Ríkisskuldabréf 4,5% 17.02.2042 .....	2.344.160	( 1.669.705)
	<b>17.479.453</b>	<b>( 18.667.683)</b>

## 4. Flokkun fjárfestinga eftir líftíma

Sjóðurinn fjárfestir í ríkistryggðum skuldabréfum eða skuldabréfum með ábyrgð íslenska ríkisins. Meðallíftími skuldabréfa sjóðsins var 7,8 ár í júnílok 2024.

	Fjárfestingar		Meðallíftími			
	30.6.2024	%	31.12.2023	%	30.6.2024	31.12.2023
Íbúðabréf .....	0	0,0	188.779	2,3	-	4,91
Ríkisbréf .....	6.715.434	95,8	7.499.147	93,3	7,95	7,43
Húsbréf .....	39.905	0,6	38.547	0,5	6,45	6,63
Innlán .....	0	0,0	45.042	0,6	0,00	-
Aðrar eignir .....	254.895	3,6	261.935	3,3	3,63	3,85
Fjárfestingar alls .....	<b>7.010.234</b>	<b>100,0</b>	<b>8.033.450</b>	<b>100,0</b>		

## 5. Yfirlit yfir stærstu eignir

	Eignir	Eignir	Hlutfall br. af heildareignir	
	30.6.2024	31.12.2023	Breyting	
Ríkisskudasbréf 1% 15.01.2037 .....	1.707.733	1.673.491	34.242	0,5%
Ríkisskuldabréf 3% 21.3.2033 .....	1.684.036	2.296.026	( 611.990)	( 8,3%)
Ríkisskuldabréf 3,25% 1.7.2030 .....	1.681.714	1.792.693	( 110.979)	( 1,5%)
Ríkisskuldabréf 4,5% 17.02.2042 .....	671.162	0	671.162	9,1%
Ríkisskuldabréf 1,5% 16.02.2026 .....	407.580	1.017.460	( 609.880)	( 8,3%)
Ríkisskuldabréf 6,5 % 15.10.2026 .....	253.108	0	253.108	3,4%
Ríkisskuldabréf 7,0% 17.09.2035 .....	160.848	314.505	( 153.657)	( 2,1%)
Ríkisskuldabréf 6,5% 24.01.2031 .....	149.252	155.927	( 6.675)	( 0,1%)
Byggðastofnun 15/1 3,2% 15.04.2030 .....	111.472	116.238	( 4.766)	( 0,1%)
Byggðastofnun 1,971% 15.09.2033 .....	91.814	92.843	( 1.029)	( 0,0%)
Stærstu eignir (10) .....	<b>6.918.719</b>	<b>7.459.183</b>	<b>( 540.464)</b>	<b>( 7,3%)</b>
Aðrar eignir .....	452.615	574.913	( 122.298)	( 1,7%)
Heildareignir .....	<b>7.371.334</b>	<b>8.034.096</b>	<b>( 662.762)</b>	<b>( 9,0%)</b>

# Sundurliðanir, frh.

## 6. Hrein eign og gengi

	30.6.2024	31.12.2023	31.12.2022	31.12.2021
Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina .....	7.171.110	8.023.843	8.848.829	9.917.321
Kaupgengi hlutdeildarskírteina .....	6,6080	6,3229	6,1025	6,4095

## 7. Ávöxtun

	2024	2023	2022	2021
Nafnávöxtun .....	4,51%	3,61%	( 4,79%)	3,82%
Raunávöxtun .....	0,93%	( 4,07%)	( 12,92%)	( 0,98%)

Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur hs.

Árshlutareikningur 30. júní 2024

Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur hs.

Borgartúni 19,

105 Reykjavík.

Kt. 650398-9129

# Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign á tímabilinu janúar - júní 2024

	1.1. -30.6. 2024	1.1. -30.6. 2023
<b>Skyr.</b>		
<b>Tekjur</b>	<b>3-8</b>	
Vextir .....	196.611	280.171
Verðbætur .....	348.793	339.607
Vextir af innlánum lánastofnana .....	11.430	10.683
<b>Tekjur samtals</b>	<b>556.834</b>	<b>630.461</b>
<b>Gjöld</b>		
Umsýslupóknun rekstrarfélags .....	9	56.036
Aðrar þóknanir .....	9.726	4.804
Vextir og verðbætur .....	0	2.705
Viðskiptakostnaður .....	8	19
Önnur gjöld og kostnaður .....	4.362	4.393
<b>Gjöld samtals</b>	<b>70.132</b>	<b>70.691</b>
<b>Hreinar tekjur (gjöld)</b> .....	486.702	559.770
Innleystur hagnaður (tap) af fjárfestingum .....	( 102.874)	( 415.042)
Óinnleystur hagnaður (tap) af fjárfestingum .....	100.597	199.056
<b>Afkoma færð á hlutdeildarskírteini</b> .....	<b>484.425</b>	<b>343.784</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Seld hlutdeildarskírteini .....	209.380	174.061
Innleyst hlutdeildarskírteini .....	( 1.025.359)	( 712.996)
<b>Fjármögnunarhreyfingar samtals</b>	<b>( 815.979)</b>	<b>( 538.935)</b>
Hækkun (lækkun) .....	( 331.554)	( 195.151)
Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun .....	11.337.939	11.881.397
<b>Hlutdeildarskírteini í lok tímabilsins</b> .....	<b>11.006.385</b>	<b>11.686.246</b>

# Efnahagsreikningur 30. júní 2024

30.6.2024 31.12.2023

**Skyr.**

## Eignir

Fjárfestingar:

Verðbréf .....		10.910.267	11.316.564
Innlán hjá lánastofnunum .....		0	46.043
Fjárfestingar samtals	10	<u>10.910.267</u>	<u>11.362.607</u>

Aðrar eignir:

Innlán hjá lánastofnunum .....	11	31.054	771
Aðrar eignir .....	12	493.303	81
Aðrar eignir samtals		<u>524.357</u>	<u>852</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>11.434.624</u>	<u>11.363.459</u>

## Skuldir

Skuld við rekstrarfélag .....		9.667	10.086
Skuld við vörslufélag .....		6	13
Aðrar skuldir .....	13	418.566	15.421
<b>Skuldir samtals</b>		<u>428.239</u>	<u>25.520</u>

Hrein eign í lok tímabilsins .....		<b>11.006.385</b>	<b>11.337.939</b>
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina .....		307.939	331.151
Gengi hlutdeildarskírteina í lok tímabilsins .....		<u>35.742,14</u>	<u>34.238,01</u>

# Sundurliðanir

## 1. Hlutfallsleg skipting á eignasafni.

	Eignir 30.6.2024	Hlutf. %	Eignir 31.12.2023	Hlutf. %	Útgefandi
<b>Framseljanleg verðbréf, skráð:</b>					
<i>Útgefiið af eða í ábyrgð íslenska ríkisins:</i>					
Ríkisskuldabréf 3,25% 1.7.2030 .....	2.549.238	22,3	3.009.585	26,5	Seðlabanki Íslands
Ríkisskuldabréf 1,5% 16.02.2026 .....	2.428.414	21,2	2.911.976	25,6	Endurlán ríkissjóðs
Ríkisskuldabréf 3% 21.3.2033 .....	2.380.579	20,8	2.823.547	24,8	Seðlabanki Íslands
Ríkisskuldabréf 6,5 % 15.10.2026 .....	1.463.033	12,8	98.805	0,9	Endurlán ríkissjóðs
Ríkisskuldasbréf 1% 15.01.2037 .....	902.902	7,9	248.039	2,2	Endurlán ríkissjóðs
Byggðastofnun 15/1 3,2% 15.04.2030 .....	281.014	2,5	293.027	2,6	Byggðastofnun
Ríkisskuldabréf 8,0% 15.04.2027 .....	262.722	2,3	0	0,0	Endurlán ríkissjóðs
Ríkisskuldabréf 5% 15.11.2028 .....	233.855	2,0	138.359	1,2	Seðlabanki Íslands
Ríkisskuldabréf 7,0% 17.09.2035 .....	107.232	0,9	0	0,0	Endurlán ríkissjóðs
Ríkisskuldabréf 6,5% 24.01.2031 .....	99.502	0,9	103.951	0,9	Seðlabanki Íslands
Byggðastofnun 1,971% 15.09.2033 .....	95.987	0,8	97.063	0,9	Byggðastofnun
Byggðastofnun 3,08% 6.12.2031 .....	59.164	0,5	60.710	0,5	Byggðastofnun
Husbr. 98/2 4,75% 15.12.2037 - Flokkur A ....	31.944	0,3	31.669	0,3	ÍL-sjóður
Byggðastofnun 2,34% 15.09.2032 .....	13.024	0,1	13.261	0,1	Byggðastofnun
Husnb. 96/2 2,7% 1.1.2038 .....	946	0,0	898	0,0	ÍL-sjóður
Husbr. 01/2 4,75% 15.3.2041 .....	547	0,0	531	0,0	ÍL-sjóður
Husbr. 01/1 4,75% 15.3.2026 .....	164	0,0	201	0,0	ÍL-sjóður
Ríkisskuldabréf 8% 12.06.2025 .....	0	0,0	975.834	8,6	Seðlabanki Íslands
Íbúðabréf 04/2 3,75% 15.04.2034 .....	0	0,0	258.341	2,3	ÍL-sjóður
Ríkisskuldabréf 2,5% 15.04.2024 .....	0	0,0	199.543	1,8	Endurlán ríkissjóðs
Íbúðabréf 04/1 3,75% 15.02.2024 .....	0	0,0	51.135	0,4	ÍL-sjóður
Íbúðabréf 04/3 3,75% 15.06.2044 .....	0	0,0	89	0,0	ÍL-sjóður
Framseljanleg verðbréf, skráð alls .....	10.910.267	95,4	11.316.564	99,6	
<b>Innlán hjá lánastofnunum:</b>					
Arion banki hf. ....	0	0,0	46.043	0,4	Arion banki hf.
Innlán hjá lánastofnunum alls .....	0	0,0	46.043	0,4	
Fjárfestingar alls .....	10.910.267	95,4	11.362.607	100,0	
Innlán hjá lánastofnunum .....	31.054	0,3	771	0,0	
Aðrar eignir .....	493.303	4,3	81	0,0	
Eignir alls .....	11.434.624	100,0	11.363.459	100,0	

## 2. Samanburður við fjárfestingarstefnu.

	Fjárfestingar 30.6.2024	Hlutf. af fjárfest. %	Fjárfestingar 31.12.2023	Hlutf. af fjárfest. %	Fjárfestingarstefna %	
					Lágmark	Hámark
Skráð skuldabréf og víxlar útgefnir af eða með ábyrgð íslenska ríkisins .....	10.910.267	100,0	11.316.564	99,6	60	100
Innlán fjármálafyrirtækja .....		0,0	46.043	0,4	0	20
Aðrir fjármálagerningar en um er getið hér að framan .....	0	0,0	0	0,0	0	10
Heildarverðmæti fjárfestinga .....	10.910.267	100,0	11.362.607	100,0		

# Sundurliðanir, frh.

## 3. Uppsöfnuð heildarkaup og heildarsala verðbréfa.

